

STJÓRNARTÍÐINDI B 93 – 1999

22. október 1999

1901

Nr. 683

AUGLÝSING

**um bann við flutningi fullorðins fjár til slátrunar yfir
varnarlínur á Austurlandi, Suðausturlandi og Suðurlandi.**

1. gr.

1. Óheimilt er að flytja fullorðið fé til slátrunar á Hornafirði, úr Mýrdals- og Skaftártunguhólfum og einnig af svæðinu norðan Hamarsár.

2. Óheimilt er að flytja fullorðið fé úr varnarhólfum vestan Þjórsár til slátrunar í varnarhólfum austan Þjórsár.

3. Flutningur á fullorðnu fé úr Mýrdalshólfi og Skaftártunguhólfi er eingöngu heimilaður til slátrunar vestan Þjórsár.

2. gr.

Með brot gegn auglýsingu þessari skal farið samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim ásamt síðari breytingum.

3. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 22. október 1999.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.